



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 8/2021

## **Skráning og notkun lénsins sending.is**

### **I.**

#### **Erindið**

Neytendastofu barst kvörtun Sendingar ehf., móttekin 26. nóvember 2020, þar sem kvartað var yfir notkun Hraðsendingar ehf., á léninu sending.is. Í kvörtuninni kom fram að Sending hafi starfrækt sendibílaakstur í rúm 20 ár með þrjá bíla sem þjónusta um 30 fyrirtæki með sendingar af öllu tagi, bæði er lýtur af því að sækja vörur og dreifa, en starfsemin taki einnig til heimsendinga til einstaklinga og fyrirtækja. Nú hafi annar aðili, í sömu starfsemi, tekið upp nafn fyrirtækisins og sett upp vefsíðuna sending.is. Sending hafi fengið talsvert af símtölum frá viðskiptavinum Hraðsendingar þar sem viðskiptavinir haldi að þeir séu að hafa samband við Hraðsendingu og orsakist það af ruglingi vegna vefsíðu Hraðsendingar, sending.is. Sending óskar eftir að Neytendastofa taki málið til skoðunar og athugi hvort ekki sé hægt að loka léninu sending.is og býðst jafnframt til að taka yfir skráningu lénsins.

### **II.**

#### **Málsmeðferð**

##### **1.**

Erindi Sendingar var sent Hraðsendingu til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 6. janúar 2021, þar sem félaginu var gefinn kostur á að koma að athugasemdum og skýringum við erindið. Í bréfi Neytendastofu kom fram að stofnunin teldi að ákvæði 5. gr. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, ætti við um erindið.

Svar Hraðsendingar barst Neytendastofu með bréfi, dags. 12. febrúar 2021. Í svari Hraðsendingar kom fram að félagið hafni því að notkun á léninu sending.is brjóti gegn ákvæðum 5. gr. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005 enda sé heitið Sending almennt og lýsandi orð yfir starfsemi félagsins og skorti því sérkenni svo það njóti verndar samkvæmt 15. gr. a. laga nr. 57/2005. Í framkvæmd ákvæðisins hafi auðkenni ekki verið talin njóta verndar ef auðkennið sé einungis lýsandi fyrir þá þjónustu sem viðkomandi hafi upp á að bjóða en hafi ekki einhver tiltekin sérkenni til aðgreiningar frá öðrum. Til hliðsjónar vísi Hraðsending til úrskurðar áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 1/2011, frá 24. mars 2011, og tekur fram að þar hafi reynt



á sambærilegt álitaefti. Telji Hraðsending að af niðurstöðu áfrýjunarnefndarinnar megi ráða að ef auðkenni sé einungis lýsandi fyrir þá þjónustu sem viðkomandi hafi á boðstólum, en hafi ekki einhver tiltekin sérkenni til aðgreiningar frá öðrum, þá njóti viðkomandi ekki verndar gegn því að annar aðili taki upp áþekk auðkenni til kynningar á sinni starfsemi. Í því máli sem hér sé til umfjöllunar sé heiti kvartanda Sending og starfsemi félagsins felist í sendingum á hlutum með sendibílum. Því sé heitið almennt og lýsandi fyrir starfsemina. Með vísan til framangreinds úrskurðar áfrýjunarnefndar neytendamála njóti auðkennið SENDING.IS ekki verndar samkvæmt ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 og því beri þegar af þeirri ástæðu að hafna framkominni kvörtun.

Í svari Hraðsendingar kom einnig fram að ekki sé fyrir hendi ruglingshætta á auðkennum aðila enda séu þeir ekki keppinautar á sama markaði. Í fyrirtækjaskrá RSK hafi Sending atvinnugreinaflokkunina 49.41.1, akstur sendibíla, en Hraðsending hafi atvinnugreinaflokkunina 53.20.0, önnur póst- og boðberaþjónusta. Starfsemi Hraðsendingar felist í sendingum á smáum hlutum beint úr verslun og heim til neytenda og því sé ekki um sendibílaþjónustu að ræða. Starfsemi aðila sé svo ólík að ekki sé hætt á því að neytendur telji tengsl vera á milli fyrirtækjanna.

Að öllu framangreindu virtu telji Hraðsending að hafna beri framkominni kvörtun og að ekki sé tilefni fyrir Neytendastofu að aðhafast frekar í málinu.

## 2.

Bréf Hraðsendingar var sent Sendingu til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 12. febrúar 2021. Ekkert svar barst. Erindi Neytendastofu var ítrekað með bréfi stofnunarinnar, dags. 9. mars 2021. Í bréfi Neytendastofu kom fram að berist svar ekki innan svarfrests kynni stofnunin að líta svo á að gagnaöflun sé lokið og muni í kjölfarið taka ákvörðun um framhald málsins. Ekkert svar barst.

## III.

### Niðurstaða

#### 1.

Mál þetta lýtur að kvörtun Sendingar ehf. vegna notkunar Hraðsendingar ehf. á léninu sending.is. Sending hafi starfrækt sendibílaakstur í rúm 20 ár með þrjá bíla sem þjónusti um 30 fyrirtæki með sendingar af öllu tagi. Nú hafi annar aðili tekið upp nafn félagsins sem skapi ruglingshættu fyrir viðskiptavinum þess.

Hraðsending hafnar því að um brot gegn ákvæðum 5. gr. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sé að ræða og vísar til þess að auðkennið sé almennt og lýsandi orð yfir starfsemi Sendingar og skorti því sérkenni svo það njóti verndar samkvæmt 15. gr. a. laga nr. 57/2005. Þá séu fyrirtækin ekki keppinautar á sama markaði og



starfsemi þeirra svo ólík að ekki sé hætt á því að neytendur telji tengsl vera á milli fyrirtækjanna.

## 2.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Ákvæði 15. gr. a. er svohljóðandi:

*„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“*

Í ákvæðinu felst almenn vernd auðkenna sem kemur til fyllingar á vörumerkjavernd. Efnislega er 15. gr. a. samhljóða ákvæði eldri laga um almenna vernd auðkenna. Fyrri málsliður 15. gr. a. hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Af lögskýringargögnum sést glögg að ákvæðið skiptir máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veita auðkennum. Þar kemur einnig fram að í 2. másl. greinarinnar sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti. Þetta ákvæði tekur því til sömu auðkenna og almenna reglan í 1. málslið. Þessi málsliður á við í þeim tilvikum sem báðir málsaðilar eiga rétt til auðkenna sinna og þarf þá að líta til þess hvort notkun þess sem seinna byrjaði notkun valdi ruglingshættu milli aðila.

## 3.

Réttur til vörumerkis getur stofnast annars vegar fyrir skráningu og hins vegar fyrir notkun. Meginreglan er sú að eigandi merkis öðlast einkarétt til nafnsins og er öðrum þar með óheimilt að nota það eða annað nafn sem líkist því svo mikið að ruglingshætta skapist. Ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 er einkum ætlað að vernda auðkenni gegn því að keppinautur noti annað auðkenni sem líkist því mikið.

Við mat á ruglingshættu er litið til þess hvort málsaðilar séu í samkeppni og hvort þeir séu á sama markaðssvæði. Til þess að njóta einkaréttar verður vörumerkið að vera þess eðlis að það geti aðgreint eiganda vörumerkis málsaðila eða vöru hans eða þjónustu frá keppinautum og takmarkast verndin því að jafnaði við að vörumerkið sé ekki almennt orð og lýsandi fyrir þá vöru eða þjónustu sem málsaðili og keppinautar hans bjóða.



Félagið Sending var stofnað árið 1997 og hefur nafn félagsins, samkvæmt fyrirtækjaskrá Skattsins, verið Sending ehf. frá árinu 1999. Samkvæmt upplýsingum frá félaginu hefur félagið starfrækt sendibílaakstur í rúm 20 ár. Hraðsending skráði lénið sending.is hjá ISNIC þann 15. janúar 2018 og hefur nýtt það í starfsemi sinni síðan. Neytendastofa telur báða aðila því eiga rétt til auðkenna sinna. Samkvæmt því kemur 2. másl. 15. gr. a. til álita í málinu.

Þrátt fyrir að starfsemi aðila málsins sé skráð í mismunandi atvinnugreinarflokki hjá fyrirtækjaskrá Skattsins er það álit Neytendastofu að viss þjónustulíkindi séu með starfsemi aðila og þeir geti því talist keppinautar á markaði enda starfrækja báðir aðilar vissa gerð sendibílaþjónustu.

Við mat á því hvort notkun og skráning heitis eða léns brjóti gegn ákvæði 2. másl. 15. gr. a. hefur grundvallarþýðingu hvort þau heiti eða lén sem um er deilt hafi sérkenni sem greini þau frá öðrum. Ef lén eða heiti er einungis lýsandi fyrir þá þjónustu eða vörur sem viðkomandi hefur á boðstólum, en hefur ekki einhver tiltekin sérkenni til aðgreiningar frá öðrum, hefur viðkomandi ekki verið talinn njóta verndar gegn því að annar aðili taki upp áþekk heiti eða lén til kynningar á starfsemi sinni. Orðið sending hefur margar mismunandi þýðingar samkvæmt Íslenskri orðabók og þar á meðal „það að senda“ og „það sem sent er“. Lénið sending.is er því bæði almennt og lýsandi fyrir þjónustu aðila þessa máls, þ.e. að senda og dreifa vörum.

Notkun orðsins sending í léni Hraðsendingar vísar augljóslega til þeirrar þjónustu og starfssemi sem félagið veitir, þ.e. sendingar á vörum. Með vísan til ofangreinds telur Neytendastofa að orðið sending sé það almennt og lýsandi fyrir umrædda starfsemi og þjónustu að skráning og notkun Hraðsendingar á léninu sending.is brjóti ekki gegn ákvæðum 15. gr. a., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005.

#### IV.

#### Ákvörðunarorð:

**„Ekki er ástæða til aðgerða Neytendastofu í máli þessu.“**

Neytendastofa, 3. maí 2021

Þórunn Anna Árnadóttir

Matthildur Sveinsdóttir